

Alþingi - Nefndasvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. desember 2020
Tilvísun: OS2020110059/50.11
Verknúmer: 1257000

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi fyrir smávirkjanir, 238. mál.


Orkustofnun hefur borist beiðni Atvinnuveganefndar um umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi fyrir smávirkjanir.

Orkustofnun tekur undir þörf þess að einfalda það regluverk sem um smávirkjanir gildir og telur ástæðu til þess að girt sé fyrir að umfang þess komi í veg hagkvæma nýtingu auðlinda hérlendis, m.a. lítilla aðila sem vilja virkja bæjarlækinn á sínu landi til eigin nota.

Orkustofnun vill jafnframt benda á að starfshópur hefur verið skipaður af atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra sem hefur það hlutverk að endurskoða starfsumhverfi smávirkjana.

Orkustofnun bendir jafnframt á að skipaður hefur verið starfshópur á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis sem hefur það hlutverk að endurskoða rekstrarumhverfi smávirkjana gagnvart flutnings- og dreififyrirtækjum. Vænta má þess að hópurinn skili af sér tillögum til einföldunar á regluverki og viðskiptaskilmálum smávirkjana gagnvart dreifiveitum eftir því sem við á. Þá er einnig á það bent að verið er að endurskoða í þeim hópi gjaldtökuheimildir fyrirtækjanna svo og tæknilegar kröfur sömu fyrirtækja til smávirkjunaraðila.

Að lokum vill stofnunin koma því á framfæri að þörf er á því að endurskoða í heild sinni starfsumhverfi og regluverk smávirkjana með heildstæðri endurskoðun.



Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra

Harpa Þórunn Pétursdóttir
lögfræðingur

Afrit sent til:

Fylgiskjöl: